

# Valsárskóli

## Skólaskýrsla



Skólaárið  
2019-2020

<b>1. Stefna skólans</b>	<b>4</b>
<b>2. Mannauður og skóladagatal</b>	<b>7</b>
Kennarar/leiðbeinendur	7
Skólaliðar/skólavistun	8
Nemendaráð	9
Náms og starfsráðgjöf	9
Tónlistarskóli	11
<b>3. Nám og kennsla</b>	<b>11</b>
Samræmd próf	11
Samstarf við foreldra	12
Viðburðir	12
<b>4. Starfsþróun og símenntun</b>	<b>13</b>
Læsi til náms	13
Byrjendalæsi	13
Stærðfræðileiðtoganám	13
Menntabúðir	13
Fundir og ráðstefnur	14
Samvinna og samstarf við kennara og skóla	14
<b>5. Innra mat og námskrá</b>	<b>14</b>
Innra mat	14
Námskrá, áætlanir og starfsmannahandbók	15
<b>6. Samkomubann og skert skólastarf</b>	<b>15</b>
<b>7. Lokaorð</b>	<b>15</b>

# 1. Stefna skólans

Starfsfólk Valsárskóla leggur áherslu á eftirtalin atriði:

Leiðtogasamfélagið Álfaborg/Valsárskóli er uppeldisstefna skólans sem byggir á skólastefnu Svalbarðsstrandarhrepps.

Í Valsárskóla þróum við styrkleika nemenda þannig að þeir verði hæfari til að takast á við verkefni framtíðarinnar. Hugmyndin um leiðtogaþjálfun nemenda felst í að þjálfarar nemendur í að finna eigin styrkleika og efla sjálfstraust þeirra og þrautseigju þannig að þeir geti talað fyrir hugmyndum sínum og gert þær að veruleika.

Inntak stefnunnar er:

Valsárskóli er samfélag þar sem hver og einn einstaklingur (nemandi og starfsmaður) er mikilvægur. Í skólanum viljum við að öllum líði vel. Við viljum að allir séu öruggir, sinni sínu hlutverki og nýti hæfileika sína til góðs. Markmið Leiðtogasamfélagsins er að skapa samhljóm meðal ólíkra einstaklinga og draga fram bestu eiginleika fólks.

Leiðtogi er sá sem vill vera hann sjálfur og horfast í augu við raunveruleikann eins og hann er. Við finnum út hverjar þarfir okkar eru á hverjum tíma, hvaða tilfinningar við berum og hvernig við viljum móta líf okkar og nám út frá þeim hæfileikum sem við höfum. Við reynum að greina milli þess sem við viljum sjálf og þess sem aðrir vilja með líf okkar. Leiðtogi er sá sem þroskar hæfileika sína, finnur þeim farveg og greiðir leið annarra til að gera það sama. Leiðtogar fá tækifæri í skólanum til að finna út hverjir hæfileikar þeirra eru og eiga möguleika á því að þroska þá.

Leiðtogi er sá sem hefur kjark til að vera virkur í aðstæðum og breyta þeim til góðs. Virkni er eitt af gildum Álfaborgar/Valsárskóla. Nemendum er kennt hver er munurinn á því að vera virkur í samskiptum og óvirkur, nemendur læra hvernig þeir geta haft áhrif á aðra og fengið þá til að vinna með sér að góðum verkum. Leiðtogar eru

margir og forysta er ekki í höndum eins einstaklings. Hver og einn nemandi þarf að fá tækifæri til að reyna sig sem leiðtogi, eins oft og hann hefur möguleika til.

Markmið stefnunnar er:

Valdefling og virkni nemenda.

Valdefling og virkni eru þjálfuð og rædd á bekkjarfundum/samverufundum, þemaverkefnum Leiðtogasamfélaginu, á skólapingum og í einstaklingsviðtölum. Leiðtogar fá að taka að sér verkefni í skólanum og nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði í að bæta skólann, samskipti við aðra og sjálfan sig.

Leiðtogahæfni sem byggist á sjálfsþekkingu og sjálfstjórn.

Uppeldisstefnan öll svo og meðferð agamála og einstaklingssamtöl miða að því að nemendur þekki þarfir sínar og tilfinningar og geti gert öðrum þær ljósar.

Gæða kennsla/Gæða nám

Námsefni er skipt í lotur sem allar enda með námsmati sem er leiðsagnarmat um næstu lotu. Unnið er með áhugasvið nemenda þar sem þeir ráða útfærslu verkefna sinna í þemanámi. Fjölbreytni í viðfangsefnum er tryggð m.a. með fjórum heildstæðum þemaverkefnum á ári. Gæða kennsla er tryggð með góðum undirbúningi kennara, fyrsta flokks aðbúnaði og sífelldri endurskoðun. Gæða nám er tryggt með áherslu á ástundun nemenda, markvissu mati og öflugri eftirfylgni.

Veturinn 2008-2009 var ákveðið að innleiða Uppbyggingarstefnuna í Valsárskóla. Fræðsla og kynning fyrir starfsfólk hófst veturinn 2010-2011. Valsárskóli byrjaði innleiðingarferlið haustið 2010. Árið 2014 var ákveðið að útfæra uppbyggingarstefnuna þannig að hún legði áherslu á jafnræði starfsmanna og nemenda og leiðtogaþjálfun nemenda. Þá var dregin fram einn þáttur uppbyggingarstefnunnar, áherslan á sjálfsbirtingu nemenda. Með sameiningu leik- og grunnskóla árið 2015 var uppbyggingarstefnan og leiðtogaþjálfunin þróuð áfram í leikskólanum.

Grunnþættir endurspegla áherslur stefnunnar í skólanum.

Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan (Restitution) er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsgæta, sjálfstjórn og uppbyggileg samskipti. Uppbygging miðar að því að finna leiðir til lausna á ágreiningsmálum, skoða hlutverk okkar og hvaða þarfir liggja að baki hegðunar okkar. Ef vel tekst til skapast aðstæður fyrir einstaklinginn til að leiðrétta og bæta fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust.

Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppbyggingarstefnan hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um skólasáttmála til að hafa að leiðarljósi og fylgja honum eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Í Álfaborg/Valsárskóla er mikið lagt upp úr umræðum um rétta hegðun og ásættanleg mörk. Á bekkjarfundum eru tekin fyrir stór og smá ágreiningsmál með það að markmiði að þroska með nemendum gagnrýna hugsun og vilja til málamiðlana.

## 2. Mannauður og skóladagatal

Haustið 2019 voru 49 nemendur í Valsárskóla. Um vorið voru nemendur orðnir 50. Námshópar voru fimm.

Bekkur/hópur	Umsjónarkennari	Fjöldi nemenda
1.-2. bekkur	Guðfinna Steingrimsdóttir	1. bekkur: 2 2. bekkur: 9 <b>Samtals 11</b>
3.-4. bekkur	Einar Bjarki Sigurjónsson	3. bekkur: 4 4. bekkur: 9 <b>Samtals 13</b>
5.-6. bekkur	Anna Louise Júlíusdóttir	5. bekkur 4 6. bekkur 2 <b>Samtals 6</b>
7.-8. bekkur	Svala Einarsdóttir	7. bekkur: 7 8. bekkur: 5 <b>Samtals 15</b>
9.-10. bekkur	Helgi Viðar Tryggvason	9. bekkur: 3 10. bekkur: 5 <b>Samtals 8</b>

Kennarastundir voru 198 á viku. Stöðugildi kennara við skólann voru um 7,8. Tíu Laur sá um söngstund fyrir alla nemendur í um 20 mínútur á viku og var með blokkflautukennslu í 1.-2. bekk.

### Kennarar/leiðbeinendur

Anna Louise Júlíusdóttir - 100% starf

Ásrún Aðalsteinsdóttir - 100% starf

Bryndís Hafþórsdóttir - 100% starf

Einar Bjarki Sigurjónsson - 100% starf

Guðfinna Steingrimsdóttir - 100% starf

Harpa Helgadóttir - 82% starf

Inga Sigrún Atladóttir - 100% starf sem skólastjóri leik- tónlistar- og grunnskóla til loka febrúar

Helgi Viðar Tryggvason - 100% starf

Ingvi Rafn Ingvason - hlutastarf í tónlistardeild

Kristján Edelstein - hlutastarf í tónlistardeild

María Aðalsteinsdóttir - 100% starf frá 1. júní 2020

Michael Weaver - hlutastarf í tónlistardeild

Svala Einarsdóttir - 100% starf. Verkefnastjóri og staðgengill skólastjóra.

Tíiu Laur - 100% starf í tónlistardeild

Puríður Lilja Rósenbergsdóttir - stundakennsla í náms- og starfsráðgjöf

## Skólaliðar/skólavistun

Alma Þórólfsdóttir - Vinaborg u.þ.b. 40% starf

Anna Heiður Oddsdóttir - gæsla og Vinaborg 100% starf

Bjarney Vala Steingrímsdóttir - skólaliði 80% starf

Elisabet Inga Ásgrímsdóttir -stuðningsfulltrúi 80% starf

Heiða Jónasdóttir - matráður 100% starf

Heiðrún Beck - ritari og gæsla 50% starf

Kamila Sylwia Ciolko-Borkowska - aðstoðarmaður matráðs 80% starf

Búið er að ráða Sigrúnu Rósu Kjartansdóttur sem umsjónarkennara við skólann vetur í forföllum Önnu Louise sem verður í fæðingarorlofi næsta skólaár. Ragnar Jón Grétarsson er umsjónarmaður fasteigna og Brynhildur Smáradóttir er skólahjúkrunarfræðingur við skólann.

Skóladagar áttu að vera 180 samkvæmt skóladagatali. Vegna veðurs féll skólahald niður dagana 10. og 11. desember, 14. febrúar og 11. mars. Þegar samkomubann var sett á 16. mars styttist skóladagurinn mismikið hjá nemendum, var frá kl. 8 til 12 hjá öllum.

## Nemendaráð

Nemendur á unglíngastigi kusu nemendaráð og í því voru: Formaður: Ása Lind Aradóttir, varaformaður: María Rós Þorgílsdóttir. gjaldkeri: Fannar Logi Jóhannesson. ritari: Tryggvi Fannar Unnsteinsson. skemmtinefnd: Skúli Þór Sigurðarson.

## Náms og starfsráðgjöf

<u>Fræðsluáætlun</u>	<u>Einstaklingsáætlun</u>	<u>Persónuleg ráðgjöf</u>	<u>Samráðsáætlun</u>
Ætluð öllum nemendum  1. - 10. bekk	Ráðgjöf við skipulagningu  og ákvarðanatöku  varðandi nám og störf.	Þjónusta sem  tekur á aðkallandi  vanda einstakra  nemenda.	Stjórnunarþættir sem auka virkni,  gæði og árangur  náms- og starfsráðgjafa áætlunarinnar.
Áætlaður tími: 35% - 45%	Áætlaður tími: 5% - 10%	Áætlaður tími: 30% - 40%	Áætlaður tími: 10% - 15%
<b>Tilgangur:</b>  Náms- og starfsfræðsla miðað við  því að efla áhuga þannig  að nemendur fái betur notið sín  í námi og síðar í starfi  Efla þekkingu á vinnumarkaðnum  og vinna gegn brotthvarfi.	<b>Tilgangur:</b>  Aðstoð við nemendur við  að  setja sér markmið  varðandi  nám og störf.	<b>Tilgangur:</b>  Aðstoð við einstaka  nemendur við  að takast  á við  persónuleg- og félagsleg  vandamál sem hafa áhrif  á líðan og skólagönguna.	<b>Tilgangur:</b>  Skipulagning, kynning og mat.  Gysper og Henderson

Með alhliða áætlun vinna náms- og starfsráðgjafar í teymi með starfsfólki í skóla, foreldrum og öðrum í samfélaginu. Með fræðslu, forvörnum og inngripum nógu snemma eru meiri líkur á að nemandinn nái sínum hámarksárangri. Mikilvægt er að



nemandinn uppgötví að allt spilar saman og sjálfsþekking, samskipti, aðstæður og atburðir eru allt þættir sem hafa áhrif lífið sjálf.

Námsráðgjöf er ætlað að vera fyrirbyggjandi þjónusta við alla nemendur skólans og stuðla að því að nemendur geti skapað sér viðunandi vinnuskilyrði í skóla og heima og markað sér braut til framtíðar. Náms- og starfsráðgjafi þarf að hafa frumkvæði að því að nálgast nemendur sem eru í þörf fyrir aðstoð en bera sig ekki eftir þjörginni. Málín þurfa ekki að vera stór eða mjög íþyngjandi til að hitta námsráðgjafa og eiga með honum samtal. Snemmtæk íhlutun er góð forvörn og getur komið í veg fyrir tilfinninga - og eða aukinn vanda síðar á ævinni.

Náms- og starfsráðgjafi var ekki í föstu starfi í vetur við Valsárskóla en kom þegar eftir því var óskað sem var reglulega yfir skólaárið. Hann sinnti persónulegri ráðgjöf, hópráðgjöf og fræðslu. Persónuleg viðtöl voru 13 á þessu ári sem 9 nemendur nýttu. Ýmist óskuðu nemendur sjálfir, foreldrar þeirra eða kennarar eftir viðtali við námsráðgjafa. Þuríður Lilja Rósenbergsdóttir mun starfa við skólann í 20% starfi næsta skólaárið ef allt gengur eftir.

#### Fræðsla

1.- 4. bekkur: Vinna með félagsfærni og tilfinningar [CAT kassa](#) hegðun.

5.-6. bekkur: Unnið með [styrkleika](#), styrkleikakort og hópefli.

7.-8. bekkur Unnið með [styrkleika](#) og hópefli.

9.-10. bekkur: Fræðsla og vinna með hugtök úr DAM leikni til lífs. Markhegðun,

tilfinningastjórn, samskipti, núvitund og streituþol. Unnið með [styrkleika](#).

Nemendur sóttu Starfamessu sem fór fram í Háskóla Akureyrar.

#### Hópráðgjöf

3. -4. bekkur: Í hópráðgjöf og unnið með bekkjarbrag og styrkingu hópsins unnið var með verkfæramöppu ART sem nemendur nýttu með kennara sínum.

## Tónlistarskóli

Við skólann starfar öflug tónlistardeild og kenna fjórir kennarar á margvísleg hljóðfæri. Tíu Laur starfar sem deildarstjóri. Góð samvinna er við tónlistarkennara sem gerir starfsemi skólans fjölbreytta og líflega. Hlutverk tónlistarskólans er m.a. að auka hæfni nemenda til að flytja, greina, skapa og njóta tónlistar. Alls voru 26 margir nemendur sem stunduðu tónlistarnám við skólann. Í skólanum var kennt á píanó, blokkflautu, gítar, bassa, þverflautu, trommur og söngur. Auk þess læra nemendur tónfræði og yngri og eldri nemendur eru í samspili.

### 3. Nám og kennsla

Nemendur í 1.-4. bekk fengu 30 kennslustundir á viku, nemendur í 5.-10. bekk fengu 34,5 kennslustundir á viku. Hver kennslustund er 60 mínútur. Nemendur í 5.-10. bekk voru með eina valgrein á viku og svo voru nokkrir með utanskólaval í útvísing sem var þá viðbót við stundatöflu hjá þeim nemendum sem það völdu. Valgreinar í töflu í vetur voru skólahreysti, myndmennt og nýsköpun í margmiðlun.

Skólaárinu er skipt upp í sjö 5 vikna þematengdar lotur og þar af ef er ein þeirra árshátíðarþema sem er styttri lota en hinar. Námsmat skólans er leiðsagnarmat og símat og kennarar merkja við hæfniviðmið inn í Mentor í eða eftir hverjar lotu. Nemendur skila verkefnum, vinna verkefni í tímum, vinna einstaklingsverkefni, samvinnuverkefni, taka stuttar kannanir og próf. Við skólaslit fengu nemendur afhent námsmat þar sem þeir sáu hæfnieinkunn í bókstöfum.

Foreldraviðtöl voru í október og í mars voru tekin símaviðtöl vegna samkomubanns. Það gafst vel og jafnvel áhugi á að bjóða upp á þann möguleika á nýju skólaári.

### Samræmd próf

Samræmd könnunarpróf í 4. bekk voru haldin 19. og 20. september haustið 2019 og í 7. bekk 26. og 27. september. Báðir árgangar tóku próf í íslensku og stærðfræði. Nemendur í 9. bekk tóku próf í íslensku, stærðfræði og ensku 9. - 11. mars 2020. Menntamálastofnun sér um gerð prófa og heldur utan um niðurstöður. Námsárangur

fámennra skóla er ekki birtar opinberlega. Nemendum er gefin „raðtala“ (0-99) þar sem meðaltalið er 50.

Nemendur og foreldrar fengu niðurstöðurnar þar sem fram kemur staða nemenda og raðeinkunn. Nemendur í 9. bekk fá hæfnieinkunn í bókstöfum og nemendur í 4. og 7. bekk fá samrænda einkunn í tölustöfum.

Árangur í öllum bekkjum var undir meðaltali landsins nema í íslensku í 9. bekk en þar náðu nemendur góðum árangri. Niðurstöðurnar gefa til kynna að sóknarfæri er í greinunum og verða niðurstöðurnar greindar og ræddar á vinnufundum kennara á næsta skólaári. Lögð verður áhersla á að greina þætti sem hægt verður að vinna með bæði í bekkjum og með einstaklingum. Einnig verður horft á jákvæða þætti og dreginn lærdómur af þeim.

## Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra og heimilin gekk vel. Foreldrar eiga greiðan aðgang að skólanum og eru alltaf velkomnir. Mentor er skráningarkerfi sem skólinn notar og ýmsar upplýsingar aðgengilegar fyrir heimilin um mætingar, leyfi, veikindi og námsmat. Skólinn er með heimasíðu og þar hægt að nálgast ýmsar upplýsingar.

Foreldrasamtöl voru með hefðbundnum hætti 20. október en 16. mars fóru samtöl fram í gegnum síma vegna samkomubanns og skert skólastarfs. Haustfundir voru haldnir með umsjónarkennurum í september.

## Viðburðir

Í skólastarfinu eru marskonar viðburðir og hefðir sem nemendur, foreldrar og starfsfólk taka þátt í. Slíkir dagar skapa skemmtilega stemmingu í skólanum og hafa margvíslegt gildi fyrir skólasamfélagið. Hér er listi yfir nokkra viðburði á skólaárinu 2019-2020.

Haustdagur

Dagur íslenskrar tungu

Tónfundir

Hádegistónleikar

Hrekkjavaka

Afa og ömmukaffi

Hinsegindagar

Jólatónleikar

Árshátíð  
Bónda- og konudagar  
Danskennsla

Skólahreysti  
Vordagar  
Samskóladagar

## 4. Starfsþróun og símenntun

### Læsi til náms

Kennarar eru á öðru ári í vinnu með Miðstöð skólaþróunar í HA. Þar fer fram öflug símenntun og eftirfylgni með vinnubrögðum. Annað árið er til að efla alla kennara í skólanum í vinnubrögðum til að efla læsi. Vinnan miðar að því að halda við og efla vinnubrögð sem Byrjendalæsi byggir á.

### Byrjendalæsi

Í skólanum eru starfandi fjórir kennarar sem hafa farið í gegnum formlegt nám í byrjendalæsi. Til að efla samfellu í læsi hafa í vetur þrjú kennarar hafið tveggja ára nám í byrjendalæsi. Þegar því er lokið eru flestir kennarar skólans komnir með þann grunn.

### Stærðfræðileiðtoganám

Einn kennari á eldra stigi fór í formlegt nám í Miðstöð skólaþróunar í HA til að efla nám og kennslu í stærðfræði. Sá kennari stýrði þróunarvinnu tveggja kennara í skólanum þannig að námið hafið strax áhrif á starfsþróun fleiri. Áhugi er að efla nám í stærðfræði í skólanum og virkja fjölbreytta kennsluhætti í takt við áherslu stærðfræðileiðtoganámsins.

### Menntabúðir

Reglulega eru haldnar menntabúðir í nokkrum grunnskólum í Eyjafirði. Þar er lögð áhersla á upplýsingatækni og margskonar tæknilegar lausnir í námi og kennslu. Þar miðla kennarar sín á milli hugmyndum og leiðum sem þeir hafa lært og prófað með

sínum nemendum. Menntabúðirnar hafa verið vinsælar og verða kennarar áfram hvattir til að sækja þær.

## Fundir og ráðstefnur

Á haustdögum stóð Valsárskóli fyrir fræðsludegi með SAM skólunum. Þá mættu kennarar og starfsfólk úr Þelamerkurskóla, Stórutjarnarskóla og Grenivíkurskóla. Fræðslan var á vegum sérfræðinga frá BUGL og fjallaði um tengslamyndun og tengslavanda barna og unglunga. Mikil ánægja var með fræðsluna.

## Samvinna og samstarf við kennara og skóla

Bókasafnskennari er í samvinnu við bókasafnskennara í nokkrum skólum bæði á Akureyri og víðar. Kennararnir og umsjónarfólk bókasafnanna hittast reglulega og vinna saman. Samstarfið er mikilvægt fyrir allt starf bókasafnsins þar sem samvinnan skilar þekkingu á bókakosti og gefur kosti á millilánnum o.fl.

## 5. Innra mat og námskrá

### Innra mat

Allir viðburðir og uppbrotsdagar voru metnir af kennurum á fundum. Skráð var í skjal hvernig framkvæmdin gekk og hvað þarf að huga að við undirbúning að ári. Flestir viðburðir gengu sérstaklega vel og eru mikils virði fyrir skólasamfélagið.

Ekki var lögð fyrir Skólapúlskönnun þetta skólaár, hvorki fyrir nemendur, starfsmenn né foreldra.

Starfsmannasamtöl voru ekki kláruð vegna forfalla en munu þau verða fastur liður í starfinu næstu ár.

Gunnar Gíslason hjá StarfsGæði. ehf. vann úttekt á stöðu Álfaborgar/Valsárskóla eftir fjögur ár frá sameiningu. Hann skilaði skýrslunni í júní 2019 og í framhaldinu vann skólanefnd og sveitarstjórn tillögur að breyttu fyrirkomulagi á stjórn skólans.

## Námskrá, áætlanir og starfsmannahandbók

Starfsáætlun, handbók foreldra og námsvísar eru aðgengilegar á vef skólans. Starfsmannahandbók var rædd og kynnt á fundi í upphafi skólaárs. Námsvísar eru námskrá skólans þar sem fram koma hæfniviðmið, leiðir kennara, leiðir nemenda og námsmat. Námsvísa þarf að að endurskoða m.t.t. samræmingar og gera markmið skýr og tengja við hvern bekk.

## 6. Samkomubann og skert skólastarf

Þann 16. mars var starfsdagur samkvæmt skóladagatali og var hann að nokkru leyti nýttur til að endurskipuleggja skólastarfið vegna samkomubanns. Í þeirri vinnu tóku allir höndum saman og leituðu leiða til að láta skólastarfið ganga sem eðlilegast fyrir sig. Á sama tíma var skólastjóri hættur störfum og einn umsjónarkennari farinn í veikindaleyfi. Kennurum var skipt upp í þrjú teymi og sá hvert teymi um ákveðna nemendahópa. Kennsla var kl. 8:00-12:00 alla daga og fengu allir nemendur mat fyrir lok skóladags. Þetta fyrirkomulag var til 4. maí en þá fór skólastarf aftur í eðlilegt horf.

## 7. Lokaorð

Skólaárið 2019-2020 var ár sem ekki mun gleymast vegna óveðurs og farsóttar. Í desember, febrúar og mars setti óveður mark sitt á skólahald og var skólastarf fellt niður vegna ófærðar og veðurs í fjóra daga. Í mars var sett á samkomubann vegna heimsfaraldurs og var farið eftir leiðbeiningum yfirvalda og skólahaldinu skipt upp í sóttvarnahópa og íþróttir og list-og verkgreinar felldar niður. Aðgangur að skólanum var takmarkaður og starfsmannahópar hittust ekki nema í gegnum fjarfundabúnað. Skólahald gekk vel og má draga lærdóm af þeim breytingum bæði hvað varðar nám og allt skipulag. Nemendur og starfsfólk stóð sig vel og var starfsemin öflug. Nokkur forföll starfsfólks setti svip sinn á starfið sérstaklega eftir áramót. Nýr stjórnandi tók til starfa 2. júní 2020 og í leikskólanum tók einnig til starfa nýr stjórnandi um miðjan apríl.

Svala Einarsdóttir, staðgengill skólastjóra 2019-2020  
María Aðalsteinsdóttir, skólastjóri frá og með júní 2020

## 7. Viðauki

Skóladagatal 2019-2020

<https://drive.google.com/file/d/1KUIBmFdbFfFHGwVZ1-oE1mS34W2DfzM8/view?usp=sharing>